

Tillaga til þingsályktunar

um upptöku samræmdrar vísitölu neysluverðs.

Flm.: Elsa Lára Arnardóttir, Silja Dögg Gunnarsdóttir,
Þorsteinn Sæmundsson, Ásmundur Einar Daðason.

Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að skipa starfshóp óháðra sérfræðinga sem greini kosti og galla þess að gera breytingar á útreikningi verðbólgu og verðtryggingar þannig að framvegis verði notuð samræmd vísitala neysluverðs (SVN) í stað vísitölu neysluverðs (VNV). Við greiningarvinnuna verði sérstaklega horft til þess hvernig verðbólga er mæld í helstu viðskiptalöndum Íslands og metið hvaða áhrif breytingin hefði á launakjör, lánaþjór, stöðu verðtryggðra lána og vexti. Ráðherra flytji Alþingi skýrslu með helstu niðurstöðum á haustþingi 2016.

Greinargerð.

Hér á landi hefur verið stuðst við vísitölu neysluverðs (VNV) sem mælikvarða á verðbólgu og til útreiknings á verðtryggingu síðan árið 1995. Í Evrópusambandsríkjunum er hins vegar stuðst við svokallaða samræmda vísitölu neysluverðs (SVN) en tilgangur hennar er m.a. að tryggja samræmda verðbólguþælingu í þeim ríkjum sem notast við evru sem gjaldmiðil. Hlutverk beggja vísitalnanna er að mæla verðbreytingar á vörum og þjónustu sem almenningur kaupir til einkanota en mismunandi vöruflokkar liggja til grundvallar hvorrar vísitölnnar fyrir sig. Þar munar líklega mestu um kostnað við eigið húsnæði sem er vöruflokkur innan VNV en ekki SVN. Hækkun húsnæðisverðs reiknast þannig beint inn í VNV en hefur aðeins afleidd áhrif á þróun SVN í gegnum húsaleigu. Það að halda húsnæðisverði og kostnaði við eigið húsnæði utan vöruflokka sem reiknast til neysluverðsvísitölu hefur verið rökstutt með því að þar sé fremur um að ræða fjárfestingu en eiginlega neyslu. Annar veigamikill munur á vísitölunum er sá að útgjöld ferðamanna eru undanskilin við útreikning VNV en ekki SVN.

Verðbólguþæling þar sem stuðst er við VNV sýnir jafnan hærri verðbólgu en ef stuðst er við SVN og má leiða að því líkur að húsnæðisverð og kostnaður við eigið húsnæði skipti þar mestu máli. Af þessu er ljóst að verðtrygging hefði minni áhrif á verðtryggð inn- og útlán ef stuðst væri við SVN en samkvæmt núverandi fyrirkomulagi. Í grunninn má ætla að breytingin yrði því til hagsbóta fyrir þorra skuldara en hið gagnstæða gildi um eigendur verðtryggðs sparifjár sem að stærstu leyti eru lífeyrissjóðirnir.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að kannaðir verði til hlítar kostir þess og gallar að taka upp SVN í stað VNV við útreikninga verðbólgu og verðtryggingar hér á landi með sérstöku tilliti til lána- og launakjara almennings, stöðu verðtryggðra lána og áhrifa á vexti, þar á meðal hugsanlegra afleiddra áhrifa. Niðurstöður þeirrar greiningar geta í kjölfarið nýst sem grundvöllur heildræns mats á því hvort og með hvaða hætti ráðist verði í breytinguna.